2020 Sáttmáli Alheimssamtaka heyrnarlausra um rétt allra til táknmáls

Á degi íslenska táknmálsins, 11. febrúar 2020, undirritaði forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og ýmsir háttsettir ráðamenn landsins, ásamt m.a. formanni MÍT og formanni Félags heyrnarlausra, Sáttmála Alheimssamtaka heyrnarlausra um rétt allra til táknmáls við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Alheimssamtökin unnu sáttmálann í tilefni af alheimsþingi heyrnarlausra sumarið 2019. Þar er lögð áhersla á ábyrgð og skyldur stjórnvalda og hagsmunaaðila til að tryggja þátttöku heyrnarlausra í samfélaginu, viðurkenna þarfir þeirra, mannlega reisn og mannréttindi, tryggja réttlátt samfélag og jafnt aðgengi að menntun fyrir alla. Fyrstur til að undirrita sáttmálann var eins og áður segir Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, en þar á eftir fylgdu, auk Bryndísar Guðmundsdóttur, formanns MÍT, frú Vigdís Finnbogadóttir, verndari táknmála á Norðurlöndum, mennta- og menningarmálaráðherra, formaður Félags heyrnarlausra, forstöðumaður SHH, rektor HÍ, skólastjóri Hlíðaskóla, skólastjóri leikskólans Sólborgar, formaður Foreldra- og styrktarfélags heyrnadaufra og fulltrúar frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og Menntamálastofnun. Síðar skrifuðu barna- og félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra undir sáttmálann, en þau gátu ekki mætt við athöfnina á Bessastöðum. Ísland var fyrsta landið þar sem fulltrúar stjórnvalda undirrituðu sáttmálann og var eftir því tekið innanlands sem utan, en sáttmálinn og undirritun hans fékk mikla athygli á netmiðlum, m.a. á vef Háskóla Íslands.